



Sýnishorn af prófverkefnum í prófi fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Lesskilningur

María er frá Spáni. Hún á heima á Íslandi. Hún er búin að vera á Íslandi í tólf ár. María á íslenskan mann sem heitir Finnur. Þau eiga þrjú börn. Dóttir þeirra heitir Soffía og er tíu ára. Synir þeirra heita Tómas, átta ára og Jón, sex ára.

María er að vinna. Hún er að vinna á heimili fyrir gamalt fólk. María vinnur kvöldvaktir. Hún þarf að vakna klukkan hálf sjö. María vekur börnin sín klukkan sjö og gefur þeim morgunmat. Hún fer í vinnuna klukkan þrjú. Hún vinnur stundum um helgar. Hún hefur stundum frí virka daga. Í gær var sunnudagur. María var að vinna.

Hún á frí í dag, mánudag. Núna er klukkan 10 og María er úti að ganga. Hún ætlar að versla seinna í dag í Smáralind. Hún ætlar að fara á bíó í kvöld með Finni, manni sínum. María saknar Spánar en finnst ágætt að vera á Íslandi.

1. Hvaðan er María? Hún er frá

- A Ítalíu
- B Írlandi
- C Spáni
- D Svíþjóð

2. Hvað hefur María verið lengi á Íslandi?

- F 10 ár
- G 12 ár
- H 15 ár
- I 20 ár

3. Hvað heitir maðurinn hennar Maríu? Hann heitir

- K Finnur
- L Jón
- M Tómas

4. Hvað á María mörg börn?

- P 1
- R 2
- S 3
- T 4

5. Hvað eru strákarnir hennar Maríu gamlir?

- V 6 og 8 ára
- X 6 og 10 ára
- P 8 og 10 ára

6. Hvar vinnur María? María vinnur

- A á elliheimili
- B á leikskóla
- C á sjúkrahúsi
- D í skóbúð

7. Hvenær vaknar María? Klukkan

- F 3
- G 6:30
- H 7:30
- I 10

8. Hvenær fer María í vinnuna? Klukkan

- K 2:30
- L 3
- M 3:30

9. Hvað er María að gera núna? Hún er í

- P bíó
- R göngutúr
- S Smáralind
- T sundi

10. Hvað ætlar María að gera í kvöld? Hún ætlar að fara í

- V bíó
- X göngutúr
- P Smáralind
- Æ vinnuna



Hlustunarverkefni

- **Kona:** Heilsugæslan, góðan daginn.
- **Maður:** Góðan dag. Ég á tíma hjá Ásdísi á þriðjudaginn klukkan tíu en ég þarf að breyta tímanum.
- **Kona:** Látum okkur nú sjá, hver er kennitalan þín?
- **Maður:** 150481-2379
- **Kona:** Geturðu komið klukkan tuttugu mínútur yfir ellefu?
- **Maður:** Ég get ekki komið á þriðjudaginn, ég er upptekinn allan daginn.
- **Kona:** Þá á ég ekki tíma fyrr en á föstudaginn klukkan hálfjögur.
- **Maður:** Áttu engan tíma á fimmtudaginn?
- **Kona:** Nei, því miður, ætlarðu að fá þennan tíma?
- **Maður:** Já, ég tek hann bara, verð kannski aðeins of seinn!

11. Hvert hringdi maðurinn?

Hann hringdi

- A á tannlæknastofu.
- B í heilsugæsluna.
- C í heilsuræktina.
- D til sjúkraþjálfara.

13. Af hverju gat maðurinn ekki komið á þriðjudaginn? Hann var

- K ekki í bænum.
- L í útlöndum.
- M upptekinn.
- N veikur.

12. Af hverju hringdi maðurinn?

- F Hann þurfti að breyta tímanum.
- G Hann þurfti að afpanta tímann.
- H Hann gleymdi tímanum.

14. Hvenær fékk maðurinn annan tíma?

- P á fimmtudaginn klukkan 11:20
- R á fimmtudaginn klukkan 15:30
- S á föstudaginn klukkan 11:20
- T á föstudaginn klukkan 15:30

Ritun

- Þú ert á Íslandi. Skrifaðu vini þínum í heimalandinu póstkort. (Minnst 5 setningar.)
- Lýstu því sem þú sérð á þessari mynd. (Minnst 5 setningar.)



Munnlegt próf

Almennar samræður um kunnuglegt efni.